

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/650

2019/EES/86/19

frá 24. apríl 2019

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinn annarra efna í matvæli ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, með tilliti til hugsanlegra skaðlegra áhrifa á heilbrigði sem tengjast notkun á jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) og efnablöndum hennar í matvæli ásamt viðvarandi vísindalegri óvissu hefur efnið verið sett í athugun hjá Sambandinu og skráð í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/403 ⁽²⁾.
- 2) Samkvæmt 5. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1925/2006 skal, innan fjögurra ára frá þeim degi þegar efni hefur verið skráð í C-hluta III. viðauka, ákveða að leyfa almennt notkun efnis sem er skráð í C-hluta III. viðauka eða skrá það í A- eða B-hluta III. viðauka, eins og við á, með tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á öllum gögnum sem stjórnendur matvælafyrirtækja eða aðrir hagsmunaaðilar, eins og fram kemur í 4. mgr. 8. gr., hafa lagt fram til mats.
- 3) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 ⁽³⁾ skal Matvælaöryggisstofnunin eingöngu líta á gögn sem lögð hafa verið fram innan 18 mánaða frá gildistöku ákvörðunar um að skrá efni í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 sem gild gögn að því er varðar ákvörðun eins og mælt er fyrir um í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.
- 4) Með tilliti til þess að hagsmunaaðilar hafa ekki lagt nein vísindagögn fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem sýna fram á öryggi jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 307/2012 ætti að skrá jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) og efnablöndur hennar í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 sem þýðir að notkun þeirra í matvæli verði bönnuð.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1925/2006 til samræmis við það.
- 6) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

„Jóhimbubörkur og efnablöndur hans sem eiga uppruna að rekja til jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille)“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 110, 25.4.2019, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 219/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/403 frá 11. mars 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar tegundir af ættkvísl vöndla (Ephedra) og jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) (Stjttíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 4).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 frá 11. apríl 2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli (Stjttíð. ESB L 102, 12.4.2012, bls. 2).

2) Í C-hluta fellur eftirfarandi færsla brott:

„Jóhimbubörkur og efnablöndur hans sem eiga uppruna að rekja til jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille)“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
